



Orlofssjóður

- Starfsreglur -

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Úthlutunarreglur	1
2.1	Sumartímabil	1
2.2	Vetrartímabil	2
2.3	Íbúðir Reykjavík	2
3	Tjaldsvæði VR í Miðhúsaskógi	2
4	Gjaldskrá.....	3
5	Endurgreiðslur og breytingar	3
5.1	Afbókun	3
5.2	Breytingar á bókun	3
5.3	Veikindi	3
5.4	Ófærð	4
5.5	Galli á orlofskosti	4
5.6	Gjafabréf og kort	4
6	Skyldur VR félaga.....	4
6.1	Umgengi	4
6.2	Við komu í orlofshús.....	4
6.3	Við brottför og þrifagjald.....	4
6.4	Gæludýr	4
6.5	Ferðavagnar og bílar við orlofshús	4
6.6	Brot á reglum.....	5
7	Önnur ákvæði.....	5
7.1	Aldurstakmörk leigutaka	5
7.2	Framleiga	5
7.3	Ágreiningur um túlkun.....	5
7.4	Gildistaka	5

1 Inngangur

Sjóðurinn starfar í samræmi við reglur [Orlofssjóður VR - VR stéttarfélag](#) settar af stjórn VR 25. ágúst 1972. Breytingar á gr. 2 samþykktar á aðalfundi 2006 og breytingar á öllum greinum á aðalfundi 27. mars 2019.

Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. þessara reglna markar stjórn VR og samþykkir orlofstefnu VR en framkvæmdastjórn sjóðsins setur sjóðnum starfsreglur.

2 Úthlutunarreglur

Úthlutun orlofshúsa til félagsfólks VR er skipt í tvö tímabil, sumar og vetur.

2.1 Sumartímabil

Leigutími orlofshúsnaðis VR í sumarleigu miðar við frá annarri viku júní fram í miðjan ágúst ár hvert.

Sumarleiga er ein vika í senn, almennt frá kl. 17:00 á fimmtudegi til kl. 12:00 á hádegi á fimmtudegi, en í Miðhúsaskógi vika frá kl. 17:00 á miðvikudegi til kl. 12:00 á hádegi á miðvikudegi. Hámarksleiga er ein vika á hvern VR félag.

Sumarleiga orlofshúsa fer samkvæmt eftirfarandi reglum sem hér segir:

- Umsóknartímabilið er frá miðjum janúar til loka febrúar.
- Allt félagsfólk VR sem sækir um hefur sömu möguleika á að fá úthlutað, óháð því hvenær sótt er um á umsóknartímabilinu.
- Einungis félagsfólk sem ekki hefur nýtt orlofskosti þrjú undangengin sumur getur sótt um í sumarleigu.
- Sótt er um orlofshús á Mínum síðum á vef VR. Hægt er að sækja um að hámarki þrjár vikur og skal þeim raðað í forgangs röð.
- Á meðan umsóknarferlið er opið er hægt að sjá hve margar umsóknir hafa borist um hvert hús á hverjum tíma.
- Þegar umsóknartímabilinu er lokið, í lok febrúar, er dregið rafrænt og handahófskennt úr þeim umsóknum sem bárust.
- Ef VR félagi fær ekki úthlutað því húsi sem hann setti sem valkost númer eitt, á hann möguleika á að fá úthlutað valkosti númer tvö eða númer þrjú.
- Félagsfólk sem fær úthlutað orlofshúsi fær tilkynningu um það í tölvupósti eða með sms að lokinni úthlutun og hefur tvær vikur til að staðfesta og ganga frá greiðslu í gegnum Mínar síður.
- Þær vikur sem ekki voru staðfestar í fyrri úthlutun sbr. ofangreint verður úthlutað til þess sem næstur var í röðinni og skal gengið frá greiðslu í gegnum Mínar síður innan 7 daga.
- Ef ekki er gengið frá greiðslu innan þess tíma, fer orlofshúsið á orlofsvefinn að nýju nokkrum dögum síðar.
- Allt félagsfólk sem ekki hefur fengið úthlutað getur sótt um lausar vikur eftir úthlutun.
- Hver VR félagi getur einungis fengið eina viku í sumarleigu.

Hús nr. 14b í Miðhúsaskógi er sérhannað fyrir fólk með hreyfihömlun og leggur VR áherslu á að félagsfólk með hreyfihömlun hafi forgang í það hús. Ef húsinu er ekki úthlutað allt tímabilið, fer það í frjálsa leigu eins og önnur laus hús þær vikur sem það er laust.

2.2 Vetrartímabil

Vetrarúthlutun orlofshúsa hefst að lokinni sumarúthlutun ár hvert. Leigutími orlofshúsnaðis VR í vetrarleigu er frá byrjun september til loka maí.

Vetrarleiga orlofshúsa fer samkvæmt eftirfarandi reglum sem hér segir:

Úthlutun:

- Úthlutun verður á orlofshúsum VR í eina viku í vetrarfríum hjá sem flestum skólum á félagssvæði VR, jólum, áramótum og páskum, ásamt skíðatímabili í Hálöndum og Skipagötu á Akureyri (janúar- apríl). Vikuleiga frá fimmtudegi til fimmtudags.
- Engar takmarkanir á umsóknum.
- Umsóknartímabil er tvær vikur frá um miðjum apríl til loka apríl.
- Þegar umsóknartímabilinu er lokið er dregið rafrænt og handahófskennt úr þeim umsóknum sem bárust.
- Úthlutun verður í byrjun maí og staðfesting skal gerð innan tíu daga með greiðslu.
- Nánari dagsetningar skulu a.m.k. auglýstar á vef VR eða með öðrum hætti.

Almenn bókun:

- Opnað verður á almennar bókanir um miðjan maí fyrir allt vetrartímabilið á lausum eignum eftir úthlutun.
- Helgar eru leigðar í heilu lagi, frá föstudegi til mánudags.
- Hægt er að bóka að lágmarki tvær nætur í vetrarútleigu á virkum dögum.
- Ganga þarf frá greiðslu þegar bókað er í almennri bókun.

Annað:

- Hámarksleiga að vetri er 12 dagar þ.m.t. úthlutunarvika.

2.3 Íbúðir Reykjavík

Tvær íbúðir í Reykjavík skulu í samræmi við sameiningarsamninga við stéttarfélög á landsbyggðinni einungis vera til útleigu fyrir félagsfólk af landsbyggðinni, þ.e. póstnúmer 230-262 og 300 til 900, á öllum tímabilum.

3 Tjaldsvæði VR í Miðhúsaskógi

Í Miðhúsaskógi eru útleigustæði fyrir tjöld og ferðavagna sem bóka þarf á orlofsvef félagsins fyrir komu á staðinn.

- Einungis eitt tjald/einn ferðavagn má fara í hvert stæði.
- Hámarksleiga er 10 nætur.
- Aldurstakmark til að bóka tjaldstæði er 20 ár, miðað er við árið sem félagsmaður verður 21 árs.
- Ganga þarf frá greiðslu um leið og bókað er.
- Ekki er hægt að fá endurgreitt eftir bókun og leigan hefur verið greidd.

4 Gjaldskrá

Gjaldskrá VR miðast við eftirfarandi:

- Upphafsgjald sem skipt er í 3 flokka.
 - Lítil hús Miðhús
 - Almenn sumarhús, blokkir og þéttbýlisstaðir utan Reykjavíkur og Akureyri
 - Hálönd og Skipagata Akureyri, Miðhús 14b og Glymur stórt hús
- Fermetrargjald
- Heitur pottur gjald pr. sólarhring
- Sumarálág 25%
- Fjárhæðir skulu lagðir til í fjárhagsáætlun ár hvert.

Útreikningur:

- Helgi – þrír sólarhringar (föstudagur til hádegi mánudags)
 - Upphafsgjald + (fermetrar * 3 dagar) + (Pottur + 3 dagar)
- Viðbótarsólarhringur
 - Fermetrar + heitur pottur ef við á
- Vika vetur
 - Helgarleiga + fjórir sólarhringar
- Vika sumar
 - Vikuleiga vetur * álag

5 Endurgreiðslur og breytingar

VR félagi getur afpantað bókun sína með því að senda tölvupóst á orlofshus@vr.is eða vr@vr.is

Hafi orlofshús ekki verið nýtt á leigutímanum er ekki hægt að fá leigugjaldið endurgreitt eftir á.

5.1 Afbókun

Við afbókun fæst endurgreiðsla í samræmi við eftirfarandi:

- Ef orlofshúsi er skilað áður en +60 dagar eru í upphaf leigu fæst leigugjaldið endurgreitt að fullu.
- Ef orlofshúsi er skilað áður en 14 til 60 dagar eru í upphaf leigu fást 85% leigugjaldsins endurgreidd.
- Ef orlofshúsi er skilað áður en 7 - 14 dagar eru í upphaf leigu fást 50% leigugjaldsins endurgreidd.
- Ef orlofshúsi er skilað áður en 3 - 7 dagar eru í upphaf leigut fást 20% leigugjaldsins endurgreidd.
- Ef orlofshúsin er skilað þegar minna en 3 sólarhringar eru í upphaf leigu fæst engin endurgreiðsla.

5.2 Breytingar á bókun

VR félagi má breyta bókun sinni í eitt skipti og skal það gert með a.m.k. fjórtán daga fyrirvara.

5.3 Veikindi

Ef upp koma veikindi óháð tíma fyrir bókun orlofshúss getur viðkomandi VR félagi fengið endurgreitt gegn framvísun læknisvottorðs. Tilkynna skal um veikindi áður en dvöl hefst en læknisvottorð má berast innan tveggja vikna.

5.4 Ófærð

Loki Vegagerðin vegum þannig að VR félagi komist ekki í orlofshús getur VR félagi óskað eftir endurgreiðslu. Sama gildir ef flug fellur niður vegna óveðurs.

5.5 Galli á orlofskosti

Ef aðbúnaður í orlofskosti hefur skert verulega upplifun VR félaga endurgreiðir sjóðurinn helming leigugjalds.

Ef aðbúnaður er með öllu óviðunandi endurgreiðir sjóðurinn að fullu.

VR félagi verður að upplýsa umsjónarmann þegar í stað um galla á aðbúnaði.

5.6 Gjafabréf og kort

Ekki er hægt að fá gjafabréf eða kort endurgreidd.

6 Skyldur VR félaga

6.1 Umgengi

VR félagar bera ábyrgð á umgengni við orlofshús, orlofssvæði og aðrar eigur félagsins eftir almennum reglum skaðabótaréttar og afnotaréttar af orlofshúsum. Almennt er miðað við að VR félagar skuli greiða skaðabætur sem nemur útlögðum kostnaði félagsins af tjóni sem valdið er af ásetningi eða gáleysi af VR félaga eða gesti/gestum hans. Ljósmyndir skulu teknar af því sem ábótavant er og senda þær til viðkomandi VR félaga.

Nánari umgengisreglur skulu birtar VR félögum fyrir komur í orlofshús.

6.2 Við komu í orlofshús

Öll hús eru yfirfarin af umsjónarfólki VR fyrir komu. Sé hús ekki nægjanlega vel þrifið við komu eða aðbúnaður þess ekki í lagi skal tilkynna það til umsjónarmanns þegar í stað.

6.3 Við brottför og þrifagjald

VR félagi þarf að annast þrif á húsinu við brottför og tryggja að það sé í samsvarandi ástandi og við komu í húsið. Einnig skal tryggja að hver hlutur sem tilheyrir orlofhúsinu sé á sínum stað. Sé þrifum ábótavant að mati umsjónarmanns áskilur félagið sér rétt til að inheimta sérstakt þrifagjald að lágmarki kr. 35.000. Á meðan þrifagjald er ógreitt er lokað fyrir bókanir frá viðkomandi VR félagi.

6.4 Gæludýr

Einungis er heimilt að hafa gæludýr í þar til merktum húsum.

Miða skal við að helmingur húsa í eigu VR heimili veru gæludýra þar sem því verður komið við.

6.5 Ferðavagnar og bílar við orlofshús

Ekki er heimilt að hafa ferðavagna á lóðum orlofshúsa félagsins.

Óheimilt að hlaða rafmagnsbíla nema í þar til gerðum hleðslustöðvum.

6.6 Brot á reglum

Leigjendur sem gerast, með grófum hætti, brotlegir við reglur orlofssjóðs geta bæði átt von á því að þurfa að greiða sekt og einnig að reiða af hendi greiðslu fyrir þrif eða viðgerð. Er slíkt metið hverju sinni. Ef um sérlega gróft brot er að ræða getur afleiðing þess einnig orðið sú að viðkomandi fái ekki að leigja orlofshús hjá félaginu um skilgreindan tíma.

7 Önnur ákvæði

7.1 Aldurstakmörk leigutaka

Orlofshús eru ekki leigð til félaga yngri en 20 ára og er miðað við árið sem þeir verða 21 árs.

7.2 Framleiga

Orlofshús eru einungis ætluð til nota fyrir VR félaga og gesti þeirra. Framleiga eða lán á orlofseignum VR til annarra er með öllu óheimil. VR félagi sem skráður er leigjandi ber fulla ábyrgð á húsnæðinu á meðan það er í leigu á hans nafni. Gerist félagi brotlegur við þetta ákvæði mun hann verða útilokaður frá úthlutun til framtíðar.

7.3 Ágreiningur um túlkun

Komi upp ágreiningur um túlkun þessara reglna skal það lagt fyrir Framkvæmdatjörn orlofssjóðs á næsta fundi stjórnar til úrskurðar.

7.4 Gildistaka

Þannig samþykkt á fundi orlofsstjórnar 15. Apríl 2025.